

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2021. Efnaleifaáætlun byggir á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum, öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og drykkjarvatni og fódri búfjár.

Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn sjá um allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin í nær öllum sláturhúsum við slátrun. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum. Þvagsýni voru tekin á nautgripa- og svínabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Einnig voru tekin sýni úr drykkjarvatni og fódri nautgripa, svína og alifugla til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum. Sýni úr fiskeldi voru tekin við slátrun og á fiskeldisstöðvum úr kvíum/ kerjum/ úr fódri. Þá voru einnig tekin sýni úr hreindýrahjörtum.

Alls voru tekin 1.731 opinber sýni sem voru rannsökuð á viðurkenndum rannsóknastofum erlendis. Niðurstöður rannsókna eru skoðaðar og rýndar þegar þær berast. Niðurstöður ársins 2021 voru flestar undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem viðurkenndar rannsóknastofur nota eða undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Þó voru 8 sýni sem gáfu niðurstöður sem urðu til þess að farið var í eftirfylgni, gögn um sýnin rýnd og/eða ástæðu leitað. Sýni yfir hámarksgildum (MRL/ML):

- Efnið thiouracil greindist í tveimur svínasýnum og einu hrossasýni. Gildin voru öll undir ráðlögðum styrk ($RC < 10 \mu\text{g/L}$) og var því ekki frekar aðhafst. Leifar af thiouracil er að öllum líkindum hægt að rekja til fódrunar á jurtum af krossblómaætt, t.d. grænkáli, gulrófum og repju.
- Efnið zearalenone (einnig þekkt sem F2-toxin) greindist í þremur fódursýnum tekin á fiskeldisstöðvum. Hinsvegar fundust hvorki efnið zearanol né taleranol og eru því allar líkur á að leifarnar megi rekja til myglu af völdum sveppa af tegundinni *Fusarium spp.* í fódri. Efnið fannst ekki í vöðvasýnum úr eldisfiskum sem tekin voru á viðkomandi fiskeldisstöðvum.
- Þungmálmurinn blý greindist yfir hámarksgildi í einu hreindýrasýni. Líklegt er að dýrið hafi verið skotið með blýskoti og mengun orðið út frá því. Ráðlagt er að snyrta vel í kringum skotsár hreindýraskrokka og hirða ekki þau innfyli sem verða fyrir skotinu eða ögnum af því. Blý er skaðlegt heilsu mann og dýra. Ráðlagt er að lágmarka blýneyslu eins og hægt er. Allir sem neyta villibráðar, sem veidd er með blýskotum, ættu að vera meðvitaðir um áhættuna sem stafar af neyslu blýs í miklu magni, sérstaklega börn og barnshafandi konur.
- Efnið lasalocid greindist rétt yfir leyfilegu hámarksgildi í einu eggjasýni. Farið var í eftirfylgni þar sem var aflað upplýsinga um viðkomandi varphænsnaflokk og orsaka þess að efnaleifar voru yfir hámarksgildum leitað. Farið var yfir verkferla bæði á fódurstöð og býlinu sjálfu varðandi framleiðslu, afhendingu og móttöku á fódri. Tekin voru eftirfylgni sýni bæði úr eggjum og fódri sem öll reyndust undir leyfilegum hámarksgildum.

Efnaflokkur	Efni	Hlutfall sýna með efnaleifar undir leyfilegum mörkum árið 2021									Alls
		Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Mjólk	Egg	Hreindýr	
Vaxtarstýriefni og óleyfileg efni		100,0%	88,9%	100%	86%	100%	97,8%	100%	100%		98,9%
A1, A3, A4	Stilben, sterar og RAL	10/10	3/3	12/12	2/2	21/21	43/46	0	0	0	96,8%
A2	Efni með skjaldkirtilsheftandi virkni	9/9	1/3	12/12	0/1	0	0	0	0	0	88,0%
A5	Beta-örvar	14/14	6/6	12/12	1/1	31/31	0	0	0	0	100%
A6	Klóramfenikól, nitróímídasól og nitrófúran	21/21	6/6	20/20	3/3	63/63	91/91	80/80	82/82	0	100%
Dýralyf og mengunarefni		100%	100%	100%	100,0%	100%	100,0%	100%	100%	90%	99,8%
Sýklalyf		100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%		100%
B1	Sýklalyf	12/12	12/12	70/70	6/6	42/42	62/62	80/80	82/82	0	100%
Önnur dýralyf		100%	100%	100%	100%	100%	100,0%	100%	99%		99,8%
B2a	Sníklalyf	2/2	2/2	52/52	6/6	12/12	62/62	20/20	0	0	100%
B2b	Hníslalyf	1/1	1/1	10/10	1/1	33/33	0	0	81/82	0	99%
B2c	Karbamat og píretróíð	6/6	1/1	10/10	1/1	8/8	31/31	12/12	18/18	0	100,0%
B2d	Róandi lyf	2/2	1/1	10/10	2/2	0	0	0	0	0	100%
B2e	Bólgueyðandi lyf (NSAIDs)	4/4	4/4	20/20	4/4	8/8	0	60/60	0	0	100%
B2f	Barksterar	3/3	0	10/10	2/2	0	0	20/20	0	0	100%
Önnur efni og aðskotaefni		100%	100%	100%	100,0%	100%	100%	100%	100%	90%	99,7%
B3a	Lífræn klórsambönd	2/2	2/2	13/13	5/5	6/6	30/30	12/12	35/35	0	100,0%
B3b	Lífræn fosfórsambönd	6/6	1/1	10/10	1/1	8/8	31/31	12/12	18/18	0	100%
B3c	Kemísk frumefni (Pb, Cd, Hg, As)	2/2	2/2	13/13	5/5	8/8	30/30	12/12	17/17	9/10	99%
B3d	Sveppaeitur	1/1	1/1	10/10	1/1	6/6	30/30	12/12	0	0	100%
B3e	Litarefni	0	0	0	0	0	30/30	0	0	0	100%
B3f	Önnur efni	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0%
Fjöldi Sýna		89	44	274	40	238	412	308	316	10	1731